

Læsisstefna Brekkuskóla

Inngangur

Læsisstefna Brekkuskóla tekur mið af Læsisstefnu Akureyrarbæjar og Aðalnámskrá grunnskóla. Í stefnunni birtist nánari útfærsla á því hvernig Brekkuskóli vinnur með lestur og læsi í skólanum.

Læsi er grunnur alls náms og felur m.a. í sér lestur, skilning, ritun, hlustun og tjáningu. Mikilvægt er að allir nái góðum tókum á þessum þáttum. Í Læsisstefnu Brekkuskóla birtast áherslur skólans í lestrarkennslu og lestrarþjálfun. Þar er að finna hagnýtar upplýsingar og leiðir fyrir kennara og forráðamenn til að aðstoða nemendur. Í læsisstefnunni er fjallað um mismunandi kennsluaðferðir í lestri, matstæki, stuðning ef markmið nást ekki, eftirfylgni og læsismenningu. Mikilvægt er að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til að ná til sem flestra. Á yngsta stigi er unnið út frá Byrjendalæsi og hljóðaaðferð og einnig er stuðst við PALS aðferðina. Á mið- og elsta stigi er áfram unnið með PALS og aukin krafa gerð til skilnings og lestrarfimi, ásamt því að áhersla er lögð á vandaðan upplestur. Á öllum stigum þarf að styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt með því að tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni og góðar lestrarfyrirmyndir. Börn eiga rétt á einstaklingsmiðuðu námi og er lagt upp með að kennsla taki mið af getubreiðum hópum.

Áherslupættir og vinnubrögð

Í 1.-3. bekk er grunnurinn lagður að læsisnámi nemenda. Unnið er með lestur, hljóðkerfisvitund, hlustun, ritun, skrift, orðaforða, setningabyggingu og málfræði. Mikilvægt er að nemendur fái verkefni við hæfi. Áhersla er lögð á daglega þjálfun, bæði í skóla og heima svo nemendur nái góðu lestrarlagi, lestrarhraða og lesskilningi. Í allri vinnu er mikilvægt að jákvætt viðhorf til lestrar sé haft að leiðarljósi.

Í 4.-6. bekk er lögð áhersla á áframhaldandi þjálfun í lestri m.a. með PALS aðferðinni. Lestur er samþættur við allar námsgreinar og nemendur þjálfast í að lesa sér til skilnings. Áhersla er lögð á aukna lesfimi og gott lestrarlag. Nemendur þjálfast í upplestri og tjáningu og í 4. bekk taka þeir þátt í Litlu upplestrarkeppninni. Mikilvægt er að viðhalda jákvæðu viðhorfi til lestrar og áhersla lögð á yndislestur og hlustun.

Í 7.-8. bekk er áhersla lögð á hljóðlestur, upplestur og miðlalæsi. Nemendur eru hvattir til að velja sér fjölbreytt lesefni bæði ljóð og laust mál. Áfram er unnið með þá þætti sem stuðla að góðum lesskilningi, lesfimi og bættu lestrarlagi. Æfð er framsögn, tjáning, virk hlustun og samræður. Í 7. bekk taka nemendur þátt í *Upphátt* lestrarkeppni grunnskólanna á Akureyri. Áhersla er lögð á að skapa jákvætt viðhorf til lestrar.

Í 9.-10. bekk er markmið lestrarkennslunnar að gera nemendur hæfari til að tjá sig í ræðu og riti. Lögð er áhersla á aukinn orðaforða og að glæða áhuga nemenda á móðurmálinu. Einnig er lögð áhersla á að efla lesfimi nemenda bæði í hljóð- og raddlestri auk þess sem unnið er með miðlalæsi. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem reyna á læsi í víðtækum skilningi, áhersla er lögð á að þeir sýni sjálfstæð vinnubrögð, beiti gagnrýninni hugsun og öðlist jákvætt viðhorf til lestrar.

Heimalestur

Góð þjálfun verður aldrei ofmetin. Hún er grunnur læsis og því er mikilvægt að nemendur lesi daglega bæði í skóla og heima. Nemendur sem eru að ná tókum á grunnfærni lestrar þurfa reglulega endurgjöf á heimalestur frá forráðamönnum og kennurum. Afar mikilvægt er að gera lestrarstundina að jákvæðri upplifun og leiðréttu börn af nærgætni. Í 1.-7. bekk þurfa nemendur að lesa upphátt fimm sinnum í viku fyrir forráðamann sem staðfestir með því að kvitta í lestrarhefti.

Mikilvægt er að börn og unglingar haldi áfram að lesa eftir að lágmarksfærni er náð því það er forsenda þess að þau ráði við sífellt erfiðara lesefni og flóknari orðaforða.

Um hver mánaðamót skráir kennari í Mentor hvernig heimalestri hefur verið sinnt. Ef heimalestri er ekki sinnt er haft samband við heimilin. Til að viðhalda færninni þurfa nemendur að lesa reglulega bæði upphátt og í hljóði og þjálfun þarf líka að eiga sér stað yfir sumartímann. Forráðamenn bera ábyrgð á að vel takist til með lestrarnámið því regluleg þjálfun skilar bestum árangri.

Yfirlit yfir matstæki

Í Brekkuskóla er stuðst við Lesferil Menntamálastofnunar til að meta færni nemenda í lesfimi. Lesfimi er samsett færni sem felur í sér leshraða, lestrarnákvæmni og lestrarlag. Lesfimiviðmið eru almenn færni viðmið sem gegna því hlutverki að setja nemendum markmið sem þeir þurfa að ná í hverjum árgangi. Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu. Sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist skilningurinn um leið. Lesfimikannanir eru lagðar fyrir prisvar á ári, í september, janúar og maí. Meðfylgjandi tafla sýnir lesfimiviðmið hvers árgangs í maí talin í orðum á mínútu. Nánari upplýsingar um matsramma eru á vef Menntamálastofnunar.

Aldur	Lágmarksviðmið	<u>Almenn viðmið</u>	Metnaðarfull viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	120
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Skimunarprófið Hjóm - 2 er lagt fyrir í öllum leikskólum Akureyrar. Kennarar 1. bekkjar vinna með niðurstöður þess í byrjendakennslunni.

Lesskimunarpróf Lesferill - lesskimun er lagt fyrir í 1. bekk.

Orðarún er lesskilningspróf sem lagt er fyrir nemendum í 3.-8. bekk að hausti og vori. Þessi próf verða notuð þar til ný lesskilningspróf koma frá Menntamálastofnun.

Nemendur sem koma illa út í lesfimiþrófum taka sérstök hliðarþróf með lesferli og ef ástæða þykir til þá fara þeir í logos eða logoskímun.

Stuðningur og eftirfylgni:

Í lestrarnámi er stöðug þjálfun afar mikilvæg. Þar reynir á samvinnu heimila og skóla. Nemendur þurfa að lesa upphátt daglega bæði heima og í skóla. Þeir sem sýna slaka færni eða ná ekki lágmarksviðmiðum í lesfimi hvers árgangs fá aðstoð sem unnin er í samvinnu kennara, sérkennara og foreldra. Þeir nemendur sem sýna litlar framfarir í lestri eða ná ekki stafainnlögn fá aukinn lestrarstuðning og endurinnlögn á stöfum. Ef nemendur hafa ekki náð lágmarksviðmiðum við lok 3. bekkjar eða síðar á skólagöngunni er Logos lestrargreining lögð fyrir. Úrræði eru ákvörðuð út frá niðurstöðum hennar í samvinnu kennara og sérkennara.

Þeir nemendur á miðstigi og unglingastigi sem þurfa aukinn stuðning í lestri hafa aðgang að forritinu Helperbird þar sem þeir geta hlustað á námsbækur og lagað texta til svo hann henti vel til aflestrar. Einnig hafa þeir aðgang að Málstað þar sem m.a. er hægt að lesa inn orð og fá út sem texta og lesa yfir skrifaðan texta.

Kennsluaðferðir:

Byrjendalæsi er kennsluaðferð sem er notuð í 1. - 3. bekk. Lögð er áhersla á hópvinna jafnt sem einstaklingsvinna þannig að nemendur á mismunandi getustigi geti unnið saman. Unnið er með tal, lestur, ritun og hlustun sem taka til allra þátta móðurmálsins. Áhersla er lögð á að nota góðar barnabækur við vinnuna. Jafnhliða byrjendalæsinu er hljóðaaðferðin notuð. Með henni þjálfast nemendur í að umskrá bókstafi yfir í hljóð og tengja hljóð stafanna saman í orð. Lögð er áhersla á að lesa stutta, einfalda, merkingarbæra texta sem stigþyngjast eftir því sem nemendur þjálfast í lestrinum.

Í Brekkuskóla er kennsluaðferðin PALS (Peer Assisted Learning Strategies) Þör Að Læra Saman einnig notuð. PALS er lestrarþjálfunaraðferð þar sem nemendur vinna tveir og tveir saman og fara í gegnum ákveðið skipulagt ferli. Ferlið felur í sér paralestur, endursögn, að draga saman efnisgreinar og forspá. Gott er að nota þessa aðferð í öllu námi. Leiðir sem tengjast aðferðinni Orð af orði eru notaðar á mið- og unglingastigi.

Lestrarmenning:

Læsi er lykill að lífsgæðum og því er mikilvægt að búa til góða lestrarmenningu. Í

Brekkuskóla leggjum við mikla áherslu á jákvætt viðhorf til lestrar, að nemendur hafi ánægju af lestri og þjálfist í að velja sér lesefni við hæfi og sem vekur áhuga. Vel búið skólabókasafn leikur stórt hlutverk í allri lestrarmenningu. Þangað sækja nemendur lesefni og gefst kostur á að taka þátt í lestrarhvetjandi viðfangsefnum sem miðast við ólík áhugasvið. Yndislestur felur bæði í sér að nemendur lesi sjálfir og að lesið sé fyrir þá. Mikilvægt er að lestrarstundirnar séu markvissar og vel nýttar. Nestislestur þar sem kennari les upphátt fyrir nemendur í nestistíma er mikilvægur þáttur í lestrarmenningu Brekkuskóla. Við það skapast tækifæri til að kynna margvíslegar bókmenntir fyrir nemendum, efla hlustun, tal, skilning og samræður. Nestislestur þarf að vera fastur liður hjá nemendum í 1.-7. bekk.